

REGLUGERÐ UM AUGLÝSINGAR Á BÚNAÐI GLÍMUMANNA

1. grein

- 1.1 Rétt til að taka við greiðslu fyrir auglýsingar á búnaði glímumanna hefur GLÍ, íþróttta- og ungmennafélög, glímudeildir, íþróttta- og ungmennasambönd ef glímumenn keppa fyrir þau á opinberum mótum.

2. grein

- 2.1 Rétt til að auglýsa á búnaði glímumanna hafa fyrirtæki, félagssamtök og einstaklingar.

3. grein

- 3.1 Texti auglýsingarinnar má ekki varða neitt sem stríðir gegn hagsmunum eða hugsjónum íþróttanna.

4. grein

- 4.1 Auglýsingu á keppnisbúning má aðeins setja fyrir ofan mitti.

5. grein

- 5.1 Áður en auglýsingasamningur er gerður skal leita samþykktar stjórnar GLÍ um útlit og texta auglýsingarinnar.

6. grein

- 6.1 GLÍ ber enga fjárhagslega ábyrgð þótt auglýsingatillaga sé ekki samþykkt.

7. grein

- 7.1 Fjármuni þá sem greiddir eru fyrir auglýsingu má aðeins nota til félagsstarfsemi og mega þeir í engum tilvikum greiðast leikmönnum.

8. grein

- 8.1 Ef reglur þessar eru brotnar getur dómstóll ÍSÍ dæmt félagi eða félagsmönnum þess, allt eftir eðli brotsins, áminningu, ávítur eða að greiða fésektir.
- 8.2 Í grófum brotum eða endurteknum tilvikum getur dómstóllinn úrskurðað útilokun frá keppni.
- 8.3 Að öðru leyti en að framan greinir skulu brot á reglugerð þessari sæta viðurlögum í samræmi við dóms- og refsiaðkvæði ÍSÍ.

Samþykkt 17. ágúst 1979 / breytt 3. október 1993.